

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á ómerkur að vera, og hin umbeðna útburðargjörð á að hafa framgang, svo ber og hinum stefnda, Finnboga Árnasyni, að bæta áfrýjandanum, Jóni Einarssyni, allt það tjón eftir tveggja dómkvaddra óvilhallra manna mati, er hann hefur beðið af því, að komast ekki að Eystra-Geldingalæknum í fardögum 1876, og sömuleiðis í málskostnað 40 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 20. nóvembermán.

Nr. 13/1875:

Jón Ólafsson

gegn

landshöfðingja H. Finsen.

D ó m u r .

Með dómi, uppkveðnum fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 19. júním. 1873 af sýslumanni H. Clausen, sem setudómara, er þá verandi ritstjóri blaðsins «Gönguhrólfs», Jón Ólafsson, dæmdur fyrir ærumeiðandi sakargiptir og ummæli um landshöfðingja H. Finsen í 1. árgangi, 10. tölublaði tjeðs blaðs, útkomnu 26. apríl s. á., í 200 rdl. sekt til landssjóðs, og fyrir ósæmilegan rithátt í 5 rdl. sekt til Reykjavíkur fátækra sjóðs, sem og til að greiða allan kostnað af málinu, eins og þó það ekki hefði verið sótt með gjafsókn, þar á meðal 5 rdl. í málsfærslulaun til hins skipaða sóknara Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar. Þessum dómi hefur Jón Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 21. janúar f. á., og hefur hann krafizt, að sektargjald

það, sem hann er dæmdur til að lúka, verði lækkað svo sem lög ítrast leyfa; hins vegar hefur landshöfðingi H. Finsen, að fenginni gjafsókn, krafizt, að bæjarþingsrjettardómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að borga allan kostnað af áfrýjuninni, þar á meðal málsfærslulaun hins skipaða talsmanns hans.

Í grein með fyrirsögninni »Landshöfðingjahneykslið» í ofan nefndu tölublaði »Gönguhrólfis», hefur áfrýjandinn meðal annars farið þeim orðum um hinn stefnda: að hann hafi sagt ósatt í embættisbrjefi móti betri vitund; að hann með dæmafárri ósvífni hafi borið til baka og haft að engu embættisskýrslu Jóns rektors Þorkelssonar, og þar með borið honum á brýn, að hann hafi falsað skýrsluna; að það megi búast við af honum, að hann með rógi, ef eigi vill betur, fái ráðgjafann til að afsetja embættismenn, ef þeir lögsæki hann eins og hvern annan óvandaðan mann fyrir ósannan óhróður, er vænta megi af honum; að hann hafi verið drukkinn á skólagildum, auk ýmislegra annara meiðandi ummæla og ókvæðisorða.

Hinar tilgreindu sakargiptir og ummæli, sem áfrýjandinn ekki einu sinni hefur reynt að sanna að væru á rökum byggðar, verða að álitast mjög svo ærumeiðandi, sjer í lagi þegar þeim, eins og hjer á sjer stað, er beint að æðsta embættismanni landsins og það í prentuðu blaði. Undirdómarinn hefur því rjettilega heimfært brot áfrýjandans undir 218. og 219. grein hegningarlaganna, og virðist hegningin þá með hliðsjón af 60. grein sömu laga hæfilega metin 200 króna sekt til landssjóðsins eða 8 vikna einfalt fangelsi, ef sektin ekki er borguð í ákveðinn tíma; svo ber og samkvæmt 220. grein hegningarlaganna að dæma hinar áminnstu ærumeiðandi sakargiptir og ummæli dauð og marklaus. Fyrir ósæmilegan ritmáta í varnarskjólum sínum fyrir

undirrettinum ber áfrýjandanum að greiða í sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar 10 kr. og aðrar 10 kr. til dómsmálasjóðsins. Loks ber honum að greiða allan kostnað af málinu, eins og það ekki hefði verið gjafsóknarmál, þar á meðal 10 kr. til hins skipaða talsmanns hins stefnda í hjeraði og 20 kr. til talsmanns hans fyrir yfirrettinum.

Að því leyti sem málið hefur verið gjafsóknarmál, vottast, að rekstur þess og flutningur hefur verið lög-mætur.

#### Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Áfrýjandinn Jón Ólafsson á að greiða 200 króna sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er borguð í ákveðinn tíma, sæta 8 vikna einföldu fangelsi. Þær hjer að framan til greindu ærumeiðandi sakargiptir og ummæli eiga ómerk að vera. Í sekt fyrir ósæmilegan ritmáta borgi áfrýjandinn 10 krónur til fátækra sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar, svo ber honum og að greiða allan löglegan kostnað af málinu, eins og það ekki hefði verið gjafsóknarmál, þar á meðal málsfærslulaun til hinna skipuðu talsmanna hins stefnda í hjeraði og fyrir yfirdóm-inum, Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar og Páls málaflutningsmanns Melsteðs, 10 krónur til hins fyr nefnda og 20 krónur til hins síðar nefnda.

Hið í dæmda ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að full-nægja undir aðför að lögum.